

## Mál nr.1

### Knattspyrnudeild Selfoss gegn Knattspyrnudeild Aftureldingar

Kæra vegna leiks Aftureldingar og Selfoss í 2.fl.ka C riðli, sem fram fór 6.6.2002.

1. Nafn kæranda:  
Umf. Selfoss
2. Nafn kærða:  
Umf. Afturelding
3. Forsvarsmenn kæranda  
2.flokksráð Umf. Selfoss
4. Gerð er krafa um að kæranda verði dæmdur sigur í ofangreindum leik. Til vara er gerð krafa um að leikurinn verði leikinn að nýju á heimavelli kæranda.
5. Málavextavextir eru tvíþættir:
  - a. Sú undirskrift aðstoðardómara sem er á leikskýrslu, þ.e. Regína Úlfarsdóttir kt: 190357-2369, er ekki undirskrift þess aðila sem var aðstoðardómari 2 í leiknum. Því teljum við þennan hluta skýrslunnar vera falsaðan.
  - b. Aðstoðardómari 1 hefur ekki réttindi, að okkur best vituðum, til að vera aðstoðardómari í 2.fl.ka.
6. Tilvísun í lagareglur er varða brotið.
7. Ekki eru gefnar réttar upplýsingar um aðstoðardómara 2 á leikskýrslu, enda viðkomandi aðili alls ekki starfi þessu vaxinn. Eins er með aðstoðardómara 1 sem hvorki hafði réttindi né getu til að starfa í umræddum leik. Kærandi telur ótvírætt að störf aðstoðardómaranna hafi haft mikil áhrif á úrslit leiksins.
8. Leikskýrsla úr umræddum leik.
9. Böðvar Einarsson fl. Guðmundur Sigmarsson Þ og Jón Ragnar Ólafsson bílstjóri.

## 2. flokksráð U.M.F Selfoss

Sigdór Vilhjálmsson kt / 070960-2579

Ragnhildur Jónsdóttir kt / 080367-5809

Stefán Ólafsson kt / 240554-2329

Einar Magnússon kt / 290863-3849

Bárður Guðmundsson kt / 271050-2759

Ungmennafélagið Selfoss

### *Úrskurður Dómstóls KSÍ*

Samkvæmt 2. tl. 7. greinar laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands skal formaður dómsins svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein sömu laga geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Að mati undirritaðs uppfyllir kæra kæranda ekki skilyrði 6. greinar áðurnefndra laga, einkum varðandi 3. tl. og 6. tl. greinarinnar. Annars flokks ráð Ungmennafélags Selfoss telst ekki falla undir 3. tl. greinarinnar. Málssóknarheimild þarf að vera skýr og kæra undirrituð af formanni eða framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

Af framangreindum ástæðum er máli þessu vísað frá dómi.

### **Því úrskurðast:**

Máli þessu er vísað frá dómi.

Seltjarnarnesi 20. júní 2002

F.h. dómstóls KSÍ

Gunnar Guðmundsson hdl.  
dómsformaður